

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Urriðafoss, lnr. 166392, 11 gistiús fyrir ferðaþjónustu.

Deiliskipulagið tekur til um 2 ha spildu þar sem gert er ráð fyrir 11 gestahúsum sem ætluð eru fyrir ferðaþjónustu. Byggingarreitir eru tveir, reitur B1 þar sem heimilað er að byggja 5 gestahús sem hvert um sig getur verið allt að 120 m² og reitur B2 þar sem heimilað er að byggja 6 gestahús sem hvert um sig getur verið allt að 80 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 9. nóvember 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. apríl 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2017